## Hópur 3. Sjálfboðavinna

### a. Hvernig getum við virkjað fólk til vinnu?

- Gefa foreldrum hlutverk strax í yngstu hópunum.
- Skapa tækifæri til að kynnast foreldrum og hafa skýrar boðleiðir um hvert fólk sem hefur áhuga að starfa fyrir félag geti leita . Upplýsa betur um hlutverk á mótum og eftirfylgd eftir fyrstu mótin hjá foreldrum. Skýrt utanumhald hjá félögum um foreldra, þannig að engin upplifi sig utanveltu.
- Fræðslu til foreldra (handbækur SSÍ / SH) um hvað sundíþróttin snýst og hlutverk aðila á mótum. *Þjálfa tæknifólk – of fáir vita af þessum verkefnum og þarf að upplýsa um þetta hlutverk.*
- *Skoða með hlutverk dómara í tæknibúri – að tæknifólkið fái „einhvers konar" dómarahlutverk í stað að það sé splæst í dómara í tæknibúri.*
- Senda starfsmannaskjalið frá SSí og frá félögum út á hausti og fólk skrái sig í vinnu fyrir félögin +SSÍ + Nota Goggle docs skjal – þannig að foreldarar skuldbindi sig til einhverrar vinnu yfir veturinn.
- Hafa gleðina að leiðarljósi – hafa gaman af þessu. Félögin verða að huga að því– Ekki kvaðir og skyldur.
- Ekki ofnota tölvupóstinn – hringja frekar og tala við fólk.
- Taka vel á móti fólki sem er að koma nýtt í hreyfinguna – bæði þegar það kemur á mót og á fundi/sundþing ofl.
- Gefa eldri sundmönnum hlutverk á sundmótum yngri krakkana .
- Ef félögin ná að virkja breiðan hóp í vinnu fyrir félagið þá skilar það sér í starfið hjá SSÍ

### b. hvað þarf til þess að fólk komi og leggi sitt af mörkum fyrir sund sem keppnisíþrótt?

- Félögin þurfa að taka ábyrgð á mönnum móta - Öll félög þurfa að vinna að því að þau mót sem þau halda séu mönnuð að mestu af félagsmönnum þess félags.
- Þarf að skoða punktakerfið hjá dómurum – það er ekki nægur hvati fyrir að fólk dæmi á félagsmótum – eru gerðar of miklar kröfur um punkta?
- Hafa jákvæða hvatningu til foreldra.
- Huga að uppbyggingu dómarastarfa – ekki stefna allir að vera tæknidómari / yfirdómari

### c. hvernig er hægt að umbuna þeim sem standa vaktina? Er það nauðsynlegt?

- Eyrnamerkja fjármagn af tilteknum mótum í ferðasjóði þannig að það skili sér til sundmanns ef foreldri hefur unnið á móti félaga. Það virðist virka.
- Eiga foreldrar þeirra barna sem taka að sér fararstjórn að fá afslátt af kostnaði við ferð?
- Það virðist þurfa að umbuna að einhverju leiti!
- Félögin eiga að miðla því til foreldra að það þurfi líka að taka þátt í starfi félagsins og félögin horfi inn á við – umbuni sínu fólki, t.d. að halda partý að vori og þakka fyrir veturinn.

- Gæti SSÍ fengið góðan díl t.d. við hótel þegar fólk er að koma og vinna á mótum – á við bæði ferðir út á land eða í bæinn.

**d. á öll vinna SSÍ að vera launuð?**

- Á meðan SSÍ getur ekki greitt fyrir keppnisferðir þeirra sem taka þátt í verkefnum þá er ekki forsvaranlegt að greiða fyrir vinnu.
- Væri hægt að umbuna fólki með einhverjum hætti, fá fríttt í sund hjá sveitarfélögum

**e. er hægt að deila verkefnum SSÍ niður á félögin á Sundþingi og þau sinna þeim og bera ábyrgðá þeim á milli sundþinga.**

- Það er hægt að skipta mótum milii félaga og þau taki að sér að halda mótin en önnur verkefni er erfiðara að deila út – frekar að virkja fólk til starfa í félögunum og síðan skilar það sér í hreyfinguna.

**f. Lokaniðurstaða verður svar við spuringunni: „Hvernig getur sjálfboðaliðastarf SSÍ blómstrað?“**

- Hafa gleðina að leiðarljósti og smita henni út og virkja grasrótina.
- Ekki senda út endalausa grátpósta með dómara á mót – bara senda einn póst frá SSÍ og huga þarf að þeirri tímasetningu og síðan að taka félögin upp símann. Passa upp á starfmannaskjalið sé uppfært og rétt.

## Stuðningur SSÍ við aðildarfélög

a. **hvað vilja félög frá SSÍ?**

- Upplýsingaflæði sé gott – heimasíðan sé miklu virkari.
- Ný gögn séu sett inn og séu aðgengilegri – ekki of langar leiðir td með lágmörk
- Vantar að hafa síðuna meira lifandi – félagar leita meira inn á síður félaganna þar sem þær eru uppfærðari

**b. hvaða þjónustu vantar að SSÍ sinni?**

- Upplýsingar í rauntíma
- Gagnabanka og stuðning þegar fólk er að koma nýtt til starfa í sundhreyfinguna
- Fá svör við fyrirspurnum sem sendar eru inn.

**c. hvaða þjónusta sem SSÍ sinnir í dag er óþörf?**

- Ekkert sem okkur dettur í hug – allir eru keppast við að reyna að sinna þeim verkefnum sem þarf að sinna.

**d. hvert á hlutverk stjórnarmanna SSÍ sem vinna sem sjálfboðaliðar að vera gagnvart félögum?**

- Vera upplýsandi, fræðandi og veita stuðning og stuðla að samvinnu allra í sundíþróttinni og þetta sé gagnvirkt - félögin styðji stjórnina í sinni vinnu (skoða með fréttaflutning af síðum félaganna RSS veita).
- Félögin ættu að vera duglegri að fá stjórnarmenn til sín á fundi
- Félögin hvetji sitt fólk að fara til starfa í stjórn SSÍ og nefndum

**e. hvert á hlutverk launaðra starfsmanna SSÍ að vera gagnvart félögum?**

- Svara fyrirspurnum og erindum – almennur stuðningur gagnvart félögum. Setja erindi í réttan farveg.

**f. hvernig getur SSÍ staðið að frekari útbreiðslu á sundíþróttinni í samvinnu við félögin sem fyrir eru innan sambandsins? hvernig má fjölga félögum innan SSÍ?**

- Hlúa að grasrótinni
- Huga að starfi yngri hópanna – halda vel utan um það. Vera með gott fólk í því starfi.
- Byggja upp garpastarfið og fá eldri sundmenn til starfa.
- Efla tengsl við almenning og foreldra – skriðsundsnámskeið – frí námskeið sem sem umbun eftir veturinn – meiri hollusta við íþróttina.
- Skrá garpa í félögin sem greiði félagsgjöld í félögin.